

Skólaráðsfundur 27. nóvember 2024

Mætt: Rafn Markús Vilbergsson skólastjóri, Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri, Kristbjörg Eyjólfsdóttir fulltrúi kennara, Hulda Hauksdóttir fulltrúi kennara, Særós Pálsdóttir fulltrúi starfsmanna, Stefan C. Hardonk formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Kristinn Einar formaður nemendaráðs og fulltrúi nemenda, Hafdís Inga Sveinsdóttir fulltrúi nemenda. Hámundur Örn framkvæmdarstjóri UMFN, fulltrúi grenndarsamfélagsins boðaði forföll.

1. Fyrsta mál átti að vera kynning á sjálfsmatsáætlun fyrir síðasta skólaár en vegna forfalla fundarmanna þá var ákveðið að geyma þá kynningu fram á næsta fund.
2. Rafn, skólastjóri Njarðvíkurskóla, fór yfir dagskrá á aðventunni hjá nemendum og starfsfólki.
3. Rafn fór yfir niðurstöður á Moodup könnun sem starfsfólk svarar fimm sinnum á ári og mælir starfsánægju. Niðurstöður hjá starfsfólki Njarðvíkurskóla eru mjög góðar.
4. Önnur mál:
 - a. Stefan, formaður foreldrafélags, ræddi um póst sem var sendur til forráðamanna um leiðsagnarnám sem er verið að innleiða í kennslu með nemendum og spurði hverju þetta verkefni ætti að breyta hjá nemendum.
 - b. Stefán óskaði eftir að fá nánari kynningu á notkun á tækum sem nemendur fá, t.d. iPad spjaldtölvur, í 8. bekk.
 - c. Stefan óskar eftir meiri fræðslu í skólaumhverfinu um fjölbreytileika fólks. Umræður urðu um hvaða fræðslu búið er að bjóða uppá og hvað er í boði.

Á næsta fundi:

- verður rætt um hvernig við getum náð betri mætingu forráðamanna á þau fræðsluerindi sem boðið er uppá
- kynning á sjálfsmatskýrslu síðasta skólaárs
- kynning á störfum nemendaráðs

Fundarritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri Njarðvíkurskóla